

Reykjavík, 4. september 2014  
R2014080011/12.8.0Forsætisráðuneyti  
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg  
101 REYKJAVÍK

550169-1269

Áhrif	14060089	Áhrif	506
Þáttur		Áhrif	50
Máttur	09.09.2014	Starf	
Áhrif		Áhrif	

**Svar við bréfi forsætisráðuneytis, dags. 20. ágúst 2014, um fund ríkisskattstjóra og vinnuhóps um eftirlitsstofnanir**

Ríkisskattstjóri hefur þann 21. ágúst 2014 móttengið bréf forsætisráðuneytis, dags. 20. sama mánaðar, þar sem óskað er eftir því að ríkisskattstjóri komi til samstarfs við vinnuhóp ráðuneytisins, skipaðan 27. júní sl, sem hefur það hlutverk að fara yfir lög, reglur og stjórnsýslu mikilvægra eftirlitsstofnana. Óskað er eftir álitum frá ríkisskattstjóra á því að hve miklu leyti unnið sé eftir viðmiðum OECD um meðferð mála hjá eftirlitsstofnunum, og hvort ríkisskattstjóri telji viðmiðin henta sem leiðbeiningar. Þá óskar ráðuneytið eftir ábendingum um hvernig megi bæta eftirlitsstarfsemi hjá embætti ríkisskattstjóra, þ.m.t. um hvort reglur þær sem það starfar eftir séu við hæfi. Ennfremur óskar starfshópurinn eftir fundi með fulltrúa ríkisskattstjóra til viðræðna um framangreint við fyrsta tækifæri.

Ríkisskattstjóri telur efni bréfsins áhugavert og mun að sjálfsögðu veita vinnuhópnum þær upplýsingar sem embættið býr yfir um þá þætti sem starf hópsins beinist að. Eftirlitshlutverk ríkisskattstjóra felst einkum í almennu skatteftirliti, bæði með eftirliti á starfsstöðvum rekstraraðila og yfirferð skattgagna og fyrirspurnum í framhaldi af því. Þá hefur ríkisskattstjóri með höndum ýmis verkefni þar sem einnig reynir á eftirlit en þó með öðrum hætti en í skatteftirliti. Má þar nefna eftirlit með birtingu ársreikninga, með lífeyrisgreiðslum og með beitingu alþjóðlegra reikningskilastaðla.


Við almennt skatteftirlit er farið eftir grundvallarreglum íslenskra stjórnsýslulaga og þeirra óskráðu réttarreglna sem í stjórnsýslunni gilda. Nefna má sérstaklega þar meðalhöf. Um eftirlitsaðgerðir ríkisskattstjóra eiga við almenn skattalög, einkum þó ákvæði laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, lög um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987 og lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, öll með áorðnum breytingum.


Þær valdbeitingarheimildir sem embættið hefur yfir að ráða eru notaðar með sérstakri varúð. Sem dæmi þá hafa 1.270 fyrirtæki verið heimsótt í vettvangseftirliti frá því í maí sl. en lokunarheimild á grundvelli 29.gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda hefur aðeins verið beitt í þremur tilvikum, og þá í stuttan tíma í senn.

Leiðbeiningar OECD virðast að meginstofni til hliðstæðar grundvallarreglum íslenskra laga. Sumir þættir eru þar þó ekki endilega auðskiljanlegir. Ríkisskattstjóri er fús að fara yfir þá þætti með vinnuhópnum.

Með hliðsjón af þeim miklu önnum sem hjá embættinu eru næstu vikur þykir ríkisskattstjóra ráðlegt að fyrirhugaður fundur með vinnuhópnum eigi sér stað eftir 15. september nk.

Virðingarfyllst

  
Skúli Egger Þórðarson

  
Ingvar J Rögnvaldsson